

Minnisblað


Móttakandi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og þingmenn Norðvesturkjördæmis.

Dagsetning: 24. janúar 2022

Sendandi: Samstarfsnefnd um sameiningu Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps

Vegabætur í Blöndudal og Svartárdal í tengslum við lagningu Blöndulínu 3 og byggingu vindmyllugarðs í Blöndulundi.

Ríkisstjórn Íslands hefur sett sér þau markmið að stórauka raforkuframleiðslu í landinu meðal annars vegna markmiða um græn orkuskipti á Íslandi. Á allra næstu árum er fyrirhugað að Landsvirkjun ráðist í stækkun Blönduvirkjunar með uppbyggingu rennslisvirkjana á virkjunarsvæðinu og byggingu vindmyllugarðs í svonefndum Blöndulundi sem er að hluta á Steinárhálsi á milli Blöndudals og Svartárdals. Báðir þessir virkjanakostir eru í orkunýtingarflokki í áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Landsnet hefur auk þess kynnt aðalvalkost varðandi legu Blöndulínu 3 á milli Blönduvirkjunar og Rangárvalla við Akureyri í endurnýjuðu umhverfismati (sjá mynd).



Mynd: Valkostir A1 og A2 í umhverfismati vegna Blöndulínu 3 úr vefsíðu Landsnets (<https://map.is/bl3/>). Merkingu fyrir Steinárháls hefur verið bætt við myndina.

Grundvöllur þessara miklu framkvæmda er augljóslega uppbygging vega að þessum framkvæmda-svæðum þannig að þeir beri þá miklu aðflutninga sem framkvæmdunum fylgja. Meðal þeirra vega sem um ræðir eru Blöndudalsvegur (733) og Svartárdalsvegur (734). Báðir þessir vegir eru einbreiðir malarvegir í slæmu ásigkomulagi sem myndu alls ekki þola þá þungaflutninga sem gera má ráð fyrir að fari um þá á framkvæmdatímanum. Það er því mikilvægt að þessir vegir verði byggðir upp og lagðir bundnu slitlagi til að tryggja öryggi vegfarenda og eðlilegt að líta til þess að vegagerð verði hagað þannig að hún nýtist íbúunum sem varanlegar vegabætur.

Fyrri loforð

Lagning bundins slitlags á Svínvetningabraut og Kjalveg að Blönduvirkjun var á dagskrá þegar þessir vegir voru byggðir upp vegna þungaflutninga í tengslum við byggingu Blönduvirkjunar fyrir um 35 árum. Af þeim framkvæmdum hefur þó ekki orðið enn. Það er því skýlaus krafa okkar að þetta raungerist fyrir stækkun virkjunarinnar nú. Því til viðbótar minnum við enn og aftur á að Svínvetningabraut er varaleið fyrir þjóðveg 1 þegar Langidalur lokast.

Áskorun

Að mati samstarfsnefndar er kjörið tækifæri fyrir Vegagerðina, Landsvirkjun og Landsnet að vinna sameiginlega að þessu verkefni sem nýttist þá sem stórauðnar samgöngubætur innan okkar sveitarfélags samhliða þeirri þörf sem þessar framkvæmdir kalla á.

Vegna framkvæmda við vindmyllugarð í Blöndulundi og Blöndulínu 3 á Steinárhálsi er uppbygging vega með bundnu slitlagi í austanverðum Blöndudal fram fyrir Bollastaði og Svartárdalsvegur fram að Stafni **óhjákvæmileg og í raun forsenda heimamanna fyrir slíkum framkvæmdum.**